

Fundur Foreldraráðs Verslunarskólans

Dagsetning: Mánudagur 27. janúar 2020

Fundur settur kl. 17:00

Mættir: Rannveig, Jóhanna, Sigga, Agnes, Steinunn, Helga og Tinna

Það sem rætt var:

- 🏠 GunnInga kom og byrjaði fundinn og fór yfir það helsta sem að er að gerast í skólanum næstu vikurnar, má þar helst telja upp:
 - 🏠 Gleði- og forvarnardagurinn 3. febrúar nk. Sigga Dögg með fyrirlestur hjá hverjum árgangi sem og Indíana Ægisdóttir MA-nemi frá USA.
 - 🏠 Skólaþing verður haldið 25. febrúar nk. og er yfirskrift þingsins í ár: Samskiptasáttmáli, líkt og LSH hefur sett á laggirnar.
 - 🏠 NEMÓ: Skólinn kallar eftir öflugri gæslu frá foreldrunum en gert er ráð fyrir 1400 nemendum á hátíðina.
 - 🏠 MínLíðan: Nemendur geta fengið sálræna aðstoð í gegnum netið, gera samning um sálræna aðstoð og greiða 39.900 kr og ef þeir ljúka meðferðinni fá þeir 20.000 kr endurgreitt frá skólanum.
 - 🏠 Önnur mál með GunnIngu: Rætt var við hana hvernig háttur væri á að taka inn í ráð skólans og veltum við upp þeim atriðum að unglingur taki ungling í viðtal meðal annars. Hvort það væri í takt við tímann og annað.
- 🏠 Jóhanna gjaldkeri fór yfir sögu greiðsluseðlisins og allar þær hindranir sem hafa mætt þeim. En greiðsluseðlar eru að fara út í seinna fallinu þetta skólaárið meðal annars vegna hertra reglna Persónuverndar.
- 🏠 Fræðslukvöld Foreldrafélagsins verður haldið þriðjudaginn 24. mars nk.
 - 🏠 Fyrirlestar: Hugmynd um KVAN – Vanda/ Katrín Ólafsdóttir-Samskipti. Uppistand- Ari Eldjárn/Anna Þóra/Jakob Birgis. Könnun gerð á Spjallsíðu ráðsins. Veitingar í sama stíl og verið hefur.

Fundi slitið kl.18:50